

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/537**  
**komudagur 4.12.2013**



**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**

Unnur Brá Konráðsdóttir formaður

4. desember 2013

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um þingsályktun um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.  
Mál nr. 37 - Þingskjal nr. 37

Landssamband smábátæigenda (LS) hefur haft til skoðunar þingsályktun um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar. LS kýs að skoða málefnið útfrá öryggissjónarmiði. Í þingsályktuninni telur félagið að ekki séu færð nægjanlega sterk rök fyrir að samþykkt hennar leiði til aukins öryggis til að réttlætanlegt sé að ráðast í umræddan flutning.

LS bendir á að niðurskurður á fjármagni til Landhelgisgæslunnar hefur nú þegar skert öryggi sjómanna. Frá því nýtt varðskip bættist í flota gæslunnar hefur ekki verið unnt að gera það út á ársgrundvelli vegna skorts á rekstrarfé, þá er knýjandi að þyrlukostur verði eflur hið fyrsta. Einnig skal bent á ákvörðun sem kom til framkvæmda 1. nóvember sl. að fækka varð starfsmönnum á næturvakt í Vaktstöð siglinga um einn. Í dag eru því aðeins tveir menn á vakt við að fylgjast með skipaumferð. Það telur LS vera óásættanlegt.

Þegar LS horfir til framtíðar til þess tíma sem ekki þarf að berjast um hverja krónu úr sameiginlegum sjóði landsmanna telur félagið að sú staða geti komið upp að þingsályktunin eigi fullt erindi. Þar vekur LS athygli á samþykkt stjórnar félagsins frá 10. júlí 2003 að:

„stjórnvöld hefji nú þegar viðræður við granna okkar Færeyinga, Dani, Norðmenn, Hjaltlendinga og Grænendinga um stofnun sameiginlegrar björgunarmiðstöðvar við N-Atlantshaf með aðsetur hér á landi“.

**Virðingarfyllst,**

Halldór Ármannsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri